

Mál nr. 10/2018

Ár 2018, þriðjudaginn, 30. október var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 10/2018

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 15. mars 2018 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærði X hafi gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann A við tíkina B án þess að rakkinn hafi verið með gilt hnéskeljavottorð. Kæran var send kærða til umsagnar með bréfi dagsettu 15. maí 2018 og honum gefinn frestur til að andmæla til 13. júní 2018. Þar sem tilmælum um andmæli var ekki svarað voru þau ítrekuð með bréfi dags. 13. september 2018 og gefinn viðbótarfrestur til 20. september. Viðbótarsvarfrestur var ekki heldur virtur og þar eð siðanefnd taldi að útséð væri um andsvör af hálfu kærða var ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 6. mars 2018 var rakkinn A paraður við tíkina B hinn 15. október 2017. Við pörunina var rakkinn ekki með gilt hnéskeljavottorð. Hundarnir eru af kyninu Miniature pinscher og er rakkinn í eigu kærða. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærði gerst brotlegur við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Með kærinni fylgdi hnéskeljavottorð þar sem fram kemur að rakkinn var skoðaður 12. febrúar 2018. Kærði svaraði ekki ítrekuðum tilmælum siðanefndar um andsvör og hafði ekki upp neinar varnir í málinu og var málið tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna frá skrifstofu HRFÍ.

#### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gild vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina Miniature pinscher:

„Hnéskeljaskoðun: Skila þarf vottorði frá dýralækni um ástand hnéskelja ræktunardýrs, þ.m.t. gráðun á losi ef um slíkt er að ræða. Vottorð gefið út fyrir ræktunardýr undir tveggja ára aldri gildir í eitt ár, vottorð tveggja ára ræktunardýrs gildir ævilangt (Gildir frá 01.01.2010).”

Í málinu liggur fyrir að þegar pörun fór fram hinn 15. október 2017 hafði rakkinn ekki gilt hnéskeljavottorð en samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu Miniature pinscher skal liggja fyrir gilt hnéskeljavottorð. Hnéskeljavottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun. Hefur kærði því gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærði hefur ekki gefið nein svör eða skýringar né haldið uppi vörnum í málinu. En kærði hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotlegur við reglur félagsins og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

#### IV. Niðurstaða

Kærði X telst hafa gerst brotlegur við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærði er áminntur.

f.h. siðanefndar

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Kristín Fjóla Fannberg

---

Kristín Sveinbjarnardóttir